

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 958, 19. október 2007, um loðnuveiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2008.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 39.125 lestir í fiskveiðilandhelgi Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í efnahagslögsögu Íslands til 15. febrúar 2008 og norðan við 64°30'.

Færeyskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samtals 7.857 lestir.

Grænlenstum skipum er heimilt að veiða 5.186 lestir í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Erlend veiðiskip skulu hlíta þeim verndaraðgerðum sem stjórnvöld og Hafrannsóknastofnun kunna að grípa til.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 27. febrúar 2008.

F. h. r.

Steinar I. Matthíasson.

Þórður Eyþórsson.